

Stjórn Regins hf.
Bt. Benedikts K. Kristjánssonar,
Formanns stjórnar

Með vísan til ákvæða 1. mgr. 18. gr. samþykkt Regins hf. sbr. auglýsingu stjórnar um aðalfund Regins hf. frá 26. mars 2015, leggur Gildi-lífeyrissjóður, sem hluthafi í félaginu, fram eftirfarandi tillögur á aðalfundi félagsins, sem haldinn verður 21. apríl 2015.

Fyrri tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er tillaga til breytinga á ákvæðum 12. gr. samþykkt félagsins. Tillagan er svohljóðandi:

Á eftir orðunum „...til handa félagsstjórn“ í 1. másl. 2. mgr. 12. gr. samþykkt félagsins bætist eftirfarandi setning:

„...og skal slíkrar heimildar þá getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.“

Ákvæði greinar 12. gr. samþykkt félagsins hljóði því svo að lokinni breytingu:

„Félagið má ekki eiga meira en 10% af eigin hlutum. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálf.

Félagið getur aðeins eignast eigin hluti samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn og skal slíkrar heimildar þá getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutum má ekki vera lengri en til 18 mánaða hverju sinni. Í starfsreglum stjórnar skal setja reglur um kaup og sölu á eigin hlutum félagsins.

Eignist félagið meira en 10% af eigin hlutum skal það hlutafé selt innan sex mánaða. Reynist ekki unnt að selja hlutina sem umfram eru, skal hlutafé félagsins lækkað.“

Greinargerð með tillögu:

Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs kveður á um að veiti hluthafafundur stjórn heimild til kaupa á eigin hlutum, þá verði slíkrar heimildar sérstaklega getið í samþykktum. Tillagan er gerð til að bæta gegnsæi samþykkt varðandi útgefið hlutafé - og heimildir til að hafa áhrif á útstandandi hlutafé félagsins.

Tilgreining samþykkt á veittri heimild hluthafafundar til stjórnar til kaupa á eigin hlutum er mikilvæg fyrir hluthafa og aðra fjárfesta, s.s. vegna upplýsinga um umfang slíkra heimilda, tilgang þeirra og verðlagningu.

Þá hafa kaup á eigin hlutum áhrif á atkvæðavægi eignarhluta m.t.t. útgefins hlutafjár annars vegar og útstandandi hlutafjár hins vegar – sem og e.t.v. verðmæti hluta, s.s. ef kaup eru hluti af endurkaupaáætlun.

Önnur tillaga Gildis lífeyrissjóðs varðar tillögur stjórnar Regins hf. skv. dagskrárlið 5 „Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin bréfum“.

Tillagan er svohljóðandi:

„Núgildandi heimild til handa stjórn um kaup á eigin hlutum skv. ákvörðun hluthafafundar 4. desember 2012 falli niður og í stað hennar komi eftirfarandi heimild:

Aðalfundur Regins hf. þann 21. apríl 2015 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma.“

Greinargerð með tillögu:

Samkvæmt auglýstri dagskrá er 5. dagskrárliður svohljóðandi: „Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum“ - og í framlögðum tillögum stjórnar segir undir sama lið: „Fyrir liggur heimild til handa stjórn um kaup á eigin bréfum sbr. ákvörðun hluthafafundar 4. desember 2012.“

Sú heimild sem vísað er til er svohljóðandi: „Hluthafafundur í Reginn hf. haldinn þann 4. desember 2012 samþykkir með vísan til 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, að heimila stjórn félagsins á næstu þremur árum að kaupa hlutabréf í félaginu sjálfu. Kaupverð bréfanna skal miðast við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur um hlutafjárkaupin er gerður. Ekki eru sett lágmark á heimild þessa hvað fjölda hluta varðar. Félagið og dótturfélög þess mega aldrei eignast fleiri hluti í sjálfu sér en lög bjóða, nú 10%.“

Ofangreind heimild gengur annars vegar gegn ákvæðum 2. másl. 2. mgr. 12. gr. samþykta félagsins þar sem segir að heimild til kaupa á eigin hlutum megi aldrei veita til lengri tíma en 18 mánaða. Hins vegar er heimildin ekki í samræmi við núgildandi ákvæði 3. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 eins og því ákvæði var breytt með lögum nr. lögum nr. 132/2014 - varðandi verðlagningu - en þar segir: „Félagi sem hefur fengið hluti sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) er þó ekki heimilt að kaupa eigin hluti á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.“

Í ljósi þess að vafi er um gildi og lögmæti tilvitnaðrar heimildar frá árinu 2012 leggur Gildi- lífeyrissjóður til að fyrri heimild verði felld úr gildi og ný heimild til kaupa á eigin hlutum verði samþykkt.

Sú breyting er þó gerð að ný heimild verður ekki almenn, heldur verði hún afmörkuð við að kaupin séu liður í viðskiptavakt með bréf félagsins og/eða formlegri endurkaupaáætlun. Ítarlegar reglur gilda um upplýsingaskyldu og framkvæmd slíkra viðskipta með eigin hluti félagsins sbr. tilvitnuð ákvæði laga um verðbréfavíðskipti, sem tryggja gegnsæi slíkra viðskipta með eigin hluti.

Nauðsynlegt er að heimildir stjórnar til kaupa á eigin hlutum séu skýrar og afmarkaðar m.t.t. umfangs þeirra, tilgangs og verðlagningar. Í samræmi við það er tillaga Gildis-lífeyrissjóðs lögð fram til skýringar og betri afmörkunar á umboði stjórnar til kaupa á eigin hlutum, enda verður ekki séð að félagið hafi þörf fyrir heimild til eigin viðskipta umfram viðskiptavakt og/eða endurkaupaáætlanir á grundvelli tilvitnaðra lagaákvæða.

Að lokum miðar framangreind tillaga Gildis-lífeyrissjóðs ekki að því að lagfæra ákvæði um verðlagningu í samræmi við lagabreytingar frá árinu 2014, enda verður verðtilgreiningin óþörf ef kaup á eigin hlutum eru takmörkuð við viðskiptavakt og/eða endurkaupaáætlun í samræmi við tilvitnuð lagaákvæði.

Reykjavík 7. apríl 2015

F.h. Gildis-lífeyrissjóðs

Árni Guðmundsson
framkvæmdastjóri